

Alþjóðadagur kennara fimmtudaginn 5. október 2017

Samræðuþing – Líðan og starfsánægja kennara

Ágætu skólastjórar

Til að vekja athygli á mikilvægu hlutverki kennarastarfsins var stofnað til Alþjóðadags kennara árið 1994 og hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur um allan heim síðan þá. Kennarasamband Íslands hefur vakið athygli á deginum með ýmsum uppákomum undanfarin ár. Að þessu sinni heldur KÍ upp á daginn í Hörpu með yfirskriftinni: „Innfædd á internetinu: breyttur heimur, snjallari nemendur.“

Ánægjulegt væri að kennarar á Norðurlandi myndu lyfta þessum degi með svipuðum hætti þó þeir taki ekki allan daginn í það og mæta á **samræðuþing á Borgum** við Háskólann á Akureyri kl. 16.15.

Þar verður áherslan á að styrkja stöðu kennara inn á við en yfirskrift samræðuþingsins á Akureyri 2017 er **Líðan og starfsánægja kennara**.

Delta Kappa Gamma (DKG) eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum. Á Íslandi eru 13 DKG deildir víðsvegar um landið og eru tvær þeirra, Beta og Mý, staðsettar hér á Akureyri og nágrenni. Þessar tvær deildir hafa tekið höndum saman og ákveðið að halda upp á þennan dag annað árið í röð með samræðuþingi fyrir kennara á Norðurlandi. Þetta er gert í samstarfi við Kennarasamband Íslands og Fræðsluvið Akureyrarbæjar.

Í upphafi verður stutt kveikja um efnið og í framhaldi af henni munu fara fram samræður í 6 – 8 manna hópum út frá fyrirframgefnum spurningum. Samræðuþingið verður haldið að Borgum við Norðurslóð, gengið inn um aðalinngang, og **hefst þingið klukkan 16:15** og stendur til 17:45. Boðið verður upp á veitingar.

Við viljum biðja ykkur skólastjórnendur um að auglýsa þennan viðburð meðal kennara í ykkar skólum og það er von okkar að í tilefni dagsins fái þeir svigrúm til að losa sig fyrr úr vinnu þennan dag og taka þátt í dagskránni. Þannig fá þeir tækifæri til að eiga aðild að því að efla faglega umræðu um kennarastarfið og þróun þess.

Nánari auglýsing verður svo send þegar nær dregur þessum degi.

Með fyrirfram þökk og von um jákvæð viðbrögð.

Anita Jónsdóttir, formaður Betadeildar
Bryndís Björnsdóttir, formaður Mýdeildar